

Viðauki

við kjarasamning aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins
frá 21. desember 2013

1. gr.

Aðild

Viðauki þessi er gerður á milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra 25 aðildarfélaga og deilda innan Alþýðusambands Íslands sem samþykktu kjarasamningana frá 21. desember 2013.

2. gr.

Gildistími

Gildistími kjarasamninga aðila sem undirritaðir voru 21. desember 2013 og gilda til 31. desember 2014 er framlengdur til 28. febrúar 2015 og falla þeir þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf verði á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf verði kr. 39.500.

4. gr.

Viðræðuáætlun

Gengið verður frá nýrri viðræðuáætlun sem tekur mið af þeim töfum sem orðið hafa á endurnýjun kjarasamninga og breytingu á gildistíma þeirra.

Reykjavík, 14. mars 2014

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. VR

f.h. FVSA

f.h. Vmf. Skagfirðinga

f.h. Vmf. Suðurlands

f.h. Stf. Samstöðu

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

v. verslunardeildar

v. hlutaðeigandi aðildarfélaga

f.h. Stf. Vesturlands v.

f.h. Vlf. Vestfirðinga

deildar verslunar- og skrifstofufólks

v. verslunardeildar

f.h. Samiðnar v. hlutaðeigandi
aðildarfélaga

f.h. MATVÍS

f.h. Félags hársnyrtisveina

f.h. Félags bókagerðarmanna


Bókun

vegna orlofs- og desemberuppbóta sem greiddar eru út jafnóðum með mánaðarlaunum

Með sáttatillögu ríkissáttasemjara hækka orlofs- og desemberuppbætur um kr. 30.000 umfram þá 2,8% hækkun sem gert er ráð fyrir í kjarasamningi frá 21. desember 2013. Orlofuppbót hækkar um kr. 10.000 og desemberuppbót um kr. 20.000. Þar sem samið hefur verið um að orlofs- og desemberuppbætur séu innifaldar í mánaðarlaunum þá eru samningsaðilar sammála um að sérstök hækkun uppbóta sé ekki sjálfkrafa innifalin í mánaðarlaunum. Geta uppbætur komið sérstaklega til greiðslu í júní og desember samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina eða komið inn sem kr. 2.500 heildarhækkun mánaðarlauna.

Reykjavík 31. mars 2014

F.h. Samiðnar



F.h. Samtaka atvinnulífsins

